

Fjara

Sólstafir

Þetta er það lengsta sem ég fer.
Aldrei aftur samur maður er.
Ljóta leiðin heillar nú á ný,
daginn sem ég lífið aftur flýr.

Ef ég vinn í þetta eina sinn,
er það samt dauði minn.
Trú min er að allt fari ei vel.
Þessu er lokið hjá mér.

Dag sem nótt hljóðið var órótt.
Þrotið þol lamað bros.
Áfram ríf, hjartað pumpar tárur.
Dag sem nótt ég geng nú einn.

Grafin bein grotna í jörðunni,
eins og leyndarmálin þín
sem þú hélst forðum burt frá mér.
En blóðið þyngra en þögnin er.

Svikin orð, grjót í kjafti þér,
rista dýpra en nokkur sár.
Brotin bönd aldrei verða söm.
Lygar eins og nöðrubit.